



EFTIRLITSSKÝRSLA

Dagsetning 23.9.2011
Fyrirtæki Sorpurðunarsvæði
Hornafjarðar á Mel í landi Fjarðar í
Lóni, 781 Hornafjörður í Lóni
Heimilisfang starfsleyfishafa:
Hafnarbraut 27, 780 Höfn
Kennitala 590169-4639
Isat nr.
Starfsemi Sorpurðurn

Fulltrúi HAUST f.h.UST Helga
Hreinsdóttir
Starfsleyfi, gildir til
9. desember 2012
Tegund eftirlits Vegna kvörtunar
Fulltrúar fyrirtækis
Haukur Ingi Einarsson
Staðsetning starfstöðvar (hnit)

Umhverfisstofnun vinnur starfsleyfi fyrir starfseminu og fer með beitingu þvingunarúrræða en hefur falið HAUST að viðhafa eftirlit með starfseminni með sérstökum samningi þar um.

Skýrsla þessi er rituð vegna sérstakrar eftirlitsferðar sem farin var að tilmælum UST í kjölfar eftirfarandi kvörtunar: „frágangur úrgangs ekki í lagi og úrgangur ekki þakinn sem skyldi svo að frá þessu er lykt og fok og fugl ber úrgang útyfir svæðið.“

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Lykt

Það er mat heilbrigðisfulltrúa að ekki sé lykt af starfseminni umfram það sem eðlilegt er þar sem tekið er við lífrænum úrgangi til förgunar. Lykt er við gryfjur og í nánasta umhverfi en þar ætti ekki að vera umferð utanaðkomandi. Í lægðum innan girðingar hefur á stundum verið unnt að merkja vott af hauggaslykt.



Fokefni.

Laust efni er sýnilegt ofanjarðar en að mestu er það innan girðingar urðunarsvæðis.

Nauðsynlegt er að þekja úrgang betur til að tryggja að ekki fjúki af svæðinu og til að svæðið sjálft sé snyrtilegra.

Allur lífrænn úrgangur þarf að fara í gryfjur sem samdægurs eru þaktar með netum.

Úrgangur hefur borist út fyrir urðunarreinar og út

fyrir svæðið, en ekki í miklu magni. Hvort tveggja þarf að hreinsa upp reglulega, a.m.k. að vori og í lok sumars

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitsferðinni var gengið um urðunarstaðinn og einnig meðfram girðingum að austan og norðan. Litið var í urðunargryfjur og rætt við verktaka á staðnum sem og forsvarmann starfsleyfis. Myndir voru teknar og eru nokkrar þeirra í skýrslunni.

Austast á urðunarsvæðinu þar sem lífrænn úrgangur er undir er yfirborð ójafnt. Í lautum hefur safnast eitthvað af fokefnum, sem og í skurð fyrir seyru. Sama á við í ójöfnum víðar á svæðinu.

Gryfja fyrir lífrænan úrgang var við skoðun þakin neti. Augljós ummerki eru um fugl við svæðið, skítur og krafs, en ekkert bendir til að fugl hafi komist í þann úrgang. Lyktin dregur þó væntanlega að fugl í von um æti. Við aðkomu voru einir 8 hrafnar framan við urðunarstaðinn, utan girðingar.

Tekið er á móti grófum úrgangi til urðunar ofan á svæði sem áður hefur verið urðað í. Markmiðið er að hækka landið með því að setja á það ca 1-2 m af úrgangi og síðan jarðvegspekju. Með þessu móti er hægt að fullnýta svæðið og koma öllum staðnum í sömu eða svipaða hæð. Þar sem unnið er ofan á eldra lagi af úrgangi er ekki unnt að leggja í gryfju eða urðunarreinar og þar af leiðandi aukin hætta á foki. Því miður kemur fyrir að auk járns, timburs og grófs úrgangs slæðist með léttari úrgangur og m.a.s. pokar með heimilisúrgangi. Einnig hefur enn verið losaður saltúrgangur frá fiskvinnslu á svæðið, en í honum hefur verið fiskafskurður sem vargfugl leggst í og dregur um svæðið. Áður hafa verið gerð tilmæli um að slíkur úrgangur verði lagður í gryfju með lífrænum úrgangi. Þessi grófi úrgangur hefur ekki verið þakinn með jarðvegi daglega í lok dags og ekki heldur verið sett net yfir.



Myndirnar að neðan sýna jaðar grófa úrgangsins. Ca. 2ja m bunki af grófum úrgangi, en í honum leynist plastefni, mjólkurfernur o.fl. sem auðveldlega fýkur frá ef hveisir.



Í jaðri eldri urðunarstaðar hefur verið tekin gryfja og í hana er nú losaður heimilisúrgangur. Yfir þeirri gryfju var net og það vel fest.

Allvíða um sér í úrgang á eldri urðunarreinum svæðisins. M.a. er á allstóru svæði heimilisúrgangur undir neti og blandaður úrgangur sem nokkuð langt er síðan unnið var með.

Það hefur verði mat eftirlitsaðila að net sé ígildi jarðvegspekju, enda ekki fok frá efni þar undir, né heldur kemst vargfugl að ruslinu. Ekki hefur þótt ástæða til að gera aths. við þetta verklag og hefur það áður verði kynnt Umhverfisstofnun án þess að aths. væru gerðar.



Hins vegar ætti að loka eldri vinnslusvæðum með jarðvegi þannig að úrgangur standi ekki uppúr jarðvegi og tryggja að ekki geti fokið um eða út af svæðinu.



Með því að ganga meðfram girðingu norðan og austan við urðunarsvæðið var staðfest að fokefni var nánast ekkert í girðingunni. Hins vegar má á nokkrum stöðum sjá rusl í holum og dældum frá girðingunni innan svæðisins í landi sem búið er að urða í. Með því að tína þetta rusl upp og slétta svæðið næst girðingu mætti gera urðunarstaðinn meira aðlaðandi fyrir utanaðkomandi.

Á nokkrum stöðum hefur fokefni borist út fyrir girðingu, aðallega norðan við urðunarsvæðið, þ.e. í bakka niðri við gamlan farveg Fjarðarár. Ekki sást fokefni á áreyrunum sjálfum eða við þjóveginn.

Girðing er farin að gefa sig á nokkrum stöðum og þarf að gera fjárhelda, a.m.k. fyrir næsta vor.

ATHUGASEMDIR¹

Rétt þykir að benda á eftirfarandi atriði. Í bláu letri er texti úr starfsleyfi.

1.3 Berist á starfstímanum óeðlilega mikil mengun frá starfsemi urðunarstaðarins út í umhverfið, sér rekstraraðili um að koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að breiðast út. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Fulltrúi rekstraraðila var sammála því að taka þyrfti fokefni úr öldunni við Fjarðarána og kvaðst myndi fá starfsmenn áhaldahúss sveitarfélagsins til verksins.



Ef myndin að ofan prentast vel má sjá spýtur og fokefni neðst í öldunni við Fjarðarána.

Úr gr. 3.1

Gott viðhald og eftirlit skal vera með girðingum.

Myndin t.v. er úr skýrslu í kjölfar eftirlits 5.7.2011. Texti með myndinni var þessi: „Girðing að hluta til illa farin og ekki fjárheld“

Í eftirlitsferðinni 23.9. var án vandræða klifrað yfir girðinguna á svipuðum stað og myndin var tekin. Myndirnar hér að neðan eru teknar við

austurkant urðunarsvæðis og sýna að girðingin er ekki fjárheld. Mynd t.v. Ull á gaddavírsstreng neðst á girðingu og renna undir. Þarna hefur fé augljóslega farið undir girðinguna. Mynd t.h. Lausir staurar.



Hér með er ítrekuð nauðsynlegt þess að girðingar séu gengnar og lagfærðar, að lágmarki einu sinni árlega á vorin og síðan eftir þörfum. Fyrir næsta vor verður að lagfæra og/eða endurnýja girðingu, þ.e. áður en fé fer á fjall. Einnig ætti að setja það verklag að sjáist fé inni á urðunarsvæðinu verð leitað að innkomu í girðingu og henni lokað.

3.9 Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunargryfju skal birgður samdægurs. Urðunarreinar skulu eftir fyllingu huldar jarðvegslagi eða lagi úr sambærilegu efni, minnst 100 sm þykku. Undirrituð hvetur til að grófur úrgangur verði þakinn oftast en gert er. Ef ekki er hægt að gera það með jarðvegi í lok dags ætti að nota net. Það er mat undirritaðrar að óþarflega stórt svæði hafi verið ópakið við aðkomu.

Innan urðunarstaðarins ætti að tína upp fokefni sem situr í lægðum, t.d. á svæðinu austast þar sem undir er lífrænn úrgangur.



Myndin t.h. var tekin 5.7.2011 og fylgdi skýrslu dags. 19.7.2011

„Fokrusl í skurði þar sem seyra er losuð og áform eru um að gróðursetja skjólbelti“

Myndin hér að neðan er tekin 23.9.2011 og sýnir sama fokefni á sama stað. Á báðum myndunum sést á vegslóða sem liggur utan við urðunarsvæðið.



Eindregið er hvatt til að tína upp fokefni og snyrta ásýnd svæðisins.

Það er mat undirritaðrar að hugsanlega hefði mátt komast hjá kvörtun og aukaeftirliti með því að vinna skv. ábendingum í eftirlitsskýrslu frá í júlí 2011, einkum þar sem bent var á í bréfi með eftirlitsskýrslunni:

„Það er mat undirritaðrar í kjölfar eftirlitsferðarinnar að betur þurfi að þekja úrgang sem kemur inn á svæðið til að tryggja að lauslegt efni fjúki ekki af svæðinu“

28. september 2011

Helga Hreinsdóttir
heilbrigðisfulltrúi